



**LÖG FYRIR  
LIONSUMDÆMI NR. 109 B**

## Efnisyfirlit

I. Kafli. Heiti, markmið, gildissvið.	5
■ 1. gr. Heiti.	5
■ 2. gr. Markmið.	5
■ 3. gr. Gildissvið.	5
II. Kafli. Félagsaðild.	5
■ 4. gr. Félagsaðilar – umdæmi.	5
III. Kafli. Merki, litir, kjörorð og einkunnarorð.	6
■ 5. gr. Merki.	6
■ 6. gr. Notkun nafns og merkis.	6
■ 7. gr. Litir.	6
■ 8. gr. Kjörorð.	6
■ 9. gr. Einkunnarorð.	6
IV. Kafli. Embættismenn og umdæmisstjórn.	6
■ 10. gr. Embættismenn.	6
■ 11. gr. Umdæmisstjórn.	6
■ 12. gr. Kjör/skipun umdæmisstjórnar.	7
■ 13. gr. Brottvikning.	7
V. Kafli. Tilnefningar umdæmis, kjör og skipanir í stöður.	7
■ 14. gr. Tilnefningarnefnd.	7
■ 15. gr. Reglur um kjör umdæmisstjóra.	7
■ 16. gr. Reglur um kjör fyrsta og annars varaumdæmisstjóra.	7
■ 17. gr. Atkvæðagreiðsla.	8
■ 18. gr. Laust embætti umdæmisstjóra.	8
■ 19. gr. Fyrsti og annar varaumdæmisstjóri og önnur laus embætti.	9
■ 20. gr. Hæfisskilyrði svæðisstjóra.	9
■ 21. gr. Útnefning/kjör svæðisstjóra.	9
■ 22. gr. Laust embætti svæðisstjóra.	9
VI. Kafli. Skyldur umdæmisstjórnar og umdæmisstjórnarmanna	10
■ 23. gr. Umdæmisstjóri.	10
■ 24. gr. Fyrsti varaumdæmisstjóri.	10
■ 25. gr. Annar varaumdæmisstjóri.	11
■ 26. gr. Ritar/gjaldkeri stjórnar.	12

■ 27. gr. Svæðisstjóri .....	13
■ 28. gr. Umdæmisstjórn .....	13
■ 29. gr. Fundarstjóri/þingstjóri .....	14
VII. Kafli. Umdæmisnefndir .....	14
■ 30. gr. Ráðgjafarnefnd umdæmisstjóra .....	14
■ 31. gr. Heiðursnefnd umdæmisstjóra .....	14
■ 32. gr. Laganeftnd fjöldumdæmis og umdæma .....	14
■ 33. gr. Nefndir umdæmisstjórnar .....	15
VIII. Kafli. Fundir .....	15
■ 34. gr. Fundir umdæmisstjórnar .....	15
■ 35. gr. Önnur fundarform .....	15
■ 36. gr. Málefni afgreidd í pósti .....	15
■ 37. gr. Svæði .....	15
IX. Kafli. Umdæmisþing .....	16
■ 38. gr. Æðsta vald .....	16
■ 39. gr. Staður og stund .....	16
■ 40. gr. Val þingstaðar .....	16
■ 41. gr. Opinbert fundarboð .....	16
■ 42. gr. Breyting á fundarstað .....	16
■ 43. gr. Reglur varðandi fulltrúa klúbba .....	17
■ 44. gr. Ákvörðunarbær meirihluti .....	17
■ 45. gr. Embættismenn .....	17
■ 46. gr. Fundarsköp og dagskrá á þingfundum .....	17
■ 47. gr. Þingstjóri .....	17
■ 48. gr. Þinggerð .....	18
■ 49. gr. Kjörbréfanefnd .....	18
■ 50. gr. Nefndir umdæmisþings .....	18
■ 51. gr. Sérstakt þing .....	18
X. Kafli. Þingsjóður .....	18
■ 52. gr. Þinggjald .....	18
■ 53. gr. Eftirstöðvar þingsjóðs .....	19
■ 54. gr. Innheimta gjalda .....	19
XI. Kafli. Umdæmisrekstrarsjóður .....	19

■ 55. gr. Tekjur umdæmis.....	19
■ 56. gr. Eftirstöðvar rekstrarsjóðs. ....	19
XII. Kafli. Tilnefningar og stuðningsyfirlýsingar.....	20
■ 57. gr. Málsmeðferðarreglur um stuðningsyfirlýsingar.....	20
■ 58. gr. Tilnefning.....	20
■ 59. gr. Ræða frambjóðand um stuðningsyfirlýsingu. ....	20
■ 60. gr. Atkvæðagreiðsla.....	20
■ 61. gr. Vottun stuðningsyfirlýsingar.....	20
■ 62. gr. Lögmæti. ....	20
XIII. Kafli. Reglur umdæmis um meðferð við lausn ágreiningsmála.....	21
■ 63. gr. Ágreiningsmál sem lúta reglum um málsmeðferð. ....	21
■ 64. gr. Kærur og kæruskráningargjald.....	21
■ 65. gr. Svar við kæru. ....	22
■ 66. gr. Trúnaðarskylda.....	22
■ 67. gr. Val sáttamanna. ....	22
■ 68. gr. Sáttafundur og úrskurður sáttamanna.....	23
Kafli XIV. Ýmislegt.....	23
■ 69. gr. Útgjöld umdæmisstjóra – alþjóðaþing. ....	23
■ 70. gr. Fjárhagslegar skuldbindingar. ....	23
■ 71. gr. Skuldabréf vegna ritara-gjaldkera stjórnar.....	23
■ 72. gr. Endurskoðun eða könnun á bókhaldi. ....	24
■ 73. gr. Laun og þóknanir. ....	24
■ 74. gr. Fjárhagsár. ....	24
■ 75. gr. Reglur um málsmeðferð. ....	24
XV. Kafli. Meðferð lagabreytinga.....	24
■ 76. gr. Málsmeðferð varðandi breytingar á lögum þessum. ....	24
■ 77. gr. Uppfærsla vegna breytinga á alþjóðalögum.....	24
■ 78. gr. Tilkynning. ....	24
■ 79. gr. Gildistökudagur.....	24
ALÞJÓÐASAMTÖK LIONSKLÚBBA.....	26
Markmið.....	26
Framtíðarsýn .....	26
Hlutverk .....	26

TILVÍSANASKRÁ.....	27
FYLGISKJÖL.....	28

## **I. Kafli. Heiti, markmið, gildissvið.**

### **■ 1. gr. *Heiti*.**

- Heiti samtakanna skal vera Lionsumdæmi nr. 109 B, hér eftir í lögum þessum nefnt „umdæmi“.

### **■ 2. gr. *Markmið*.**

- Markmið umdæmisins er:

- (a) Að kveða á um stjórnunarfyrikomulag sem nýtist til að ná markmiðum Alþjóðasamtaka Lionsklúbba - Lions Clubs International (LCI) - í umdæminu, hér eftir nefnd alþjóðasamtökin.  
(b) Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims.  
(c) Að efla meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgaralegra dyggða.  
(d) Að sýna virkan áhuga á velferð samfélagsins í félagsmálum, menningu og almennu siðgæði.  
(e) Að tengja félagana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.  
(f) Að skapa vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni sem varða almennaheill en undanskilja þó umræður um stjórnmál og trúarbrögð.  
(f) Að hvetja þjónustuviljugt fólk til að leggja lið í samfélagi sínu, án persónulegs, fjárhagslegs ávinnings og hvetja til dugnaðar og eflingar siðgæðis á sviðum viðskipta, iðnaðar, atvinnulífs, opinberra framkvæmda og einkareksturs.

### **■ 3. gr. *Gildissvið*.**

- Lög þessi skulu gilda um stjórn umdæmisins, nema öðruvísi sé mælt fyrir, þannig að stangist ekki á við fjöldumdæmislög, alþjóðalög og viðauka við þau, svo og stefnu alþjóðasamtakanna. Þegar ákvæði umdæmisлага stangast á við eða eru í mótsögn við fjöldumdæmislög skulu fjöldumdæmislög gilda. Ávallt þegar ákvæði í umdæmislögum stangast á við alþjóðalög og viðauka við þau skulu alþjóðalög og viðaukar gilda.

## **II. Kafli. Félagsaðild.**

### **■ 4. gr. *Félagsaðilar – umdæmi*.**

- Félagsaðilar skulu vera allir Lionsklúbbar í umdæminu, sem fengið hafa stofnskrá frá alþjóðasamtökunum.  
 Umdæmið nær yfir Vesturland í norðurátt, frá og með Reykjavík, Vestfirði, Norðurland vestra og Norðurland eystra að Langanesi, eins og alþjóðasamtökin samþykkja á hverjum tíma.

### **III. Kafli. Merki, litir, kjörorð og einkunnarorð.**

#### **■ 5. gr. Merki.**

- Einkennismerki alþjóðasamtakanna og hvers einstaks klúbbs, sem fengið hefur stofnskrá, skal hannað á eftirfarandi hátt:



#### **■ 6. gr. Notkun nafns og merkis.**

- Notkun nafns, viðskiptavildar, merkis og annarra auðkennismerkja alþjóðasamtakanna skal fara eftir því sem segir í viðmiðunarreglum þeim sem settar eru hverju sinni í lögum alþjóðasamtakanna.

#### **■ 7. gr. Litir.**

- Litir alþjóðasamtakanna og hvers klúbbs, sem fengið hefur stofnskrá, skulu vera fjólubláir og gylltir.

#### **■ 8. gr. Kjörorð.**

- Kjörorð samtakanna skulu vera; frelsi, þekking, þjóðaröryggi.

#### **■ 9. gr. Einkunnarorð.**

- Einkunnarorð samtakanna skulu vera: Við leggjum lið.

### **IV. Kafli. Embættismenn og umdæmisstjórn.**

#### **■ 10. gr. Embættismenn.**

- Embættismenn umdæmisins eru umdæmisstjóri, fyrrverandi umdæmisstjóri, sem gegndi embætti næstur á undan, fyrsti og annar varaumdæmisstjóri, svæðisstjórar og ritari/gjaldkeri stjórnar eða ritari stjórnar og gjaldkeri stjórnar. Hver einstakur stjórnarmaður skal vera fullgildur og skuldlaus félagi í fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi í umdæminu. (1)

#### **■ 11. gr. Umdæmisstjórn.**

- Umdæmið skal hafa umdæmisstjórn sem skipuð er umdæmisstjóra, fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegndi embætti næstur á undan, fyrsta og öðrum varaumdæmisstjóra, svæðisstjórum, ritara/gjaldkera stjórnar eða ritara stjórnar og gjaldkera stjórnar og öðrum þeim klúbbfélögum, sem síðar kunna að vera taldir upp í ákvæði þessu eins og því kann að verða breytt í samræmi við reglur um málsmeðferð við breytingar á lögunum og er að finna í lögum þessum. (2)

## ■ 12. gr. *Kjör/kipun umdæmisstjórnar.*

- Umdæmisstjóri og fyrsti og annar varaumdæmisstjóri skulu kjörnir á árlegu umdæmisþingi. Umdæmisstjóri skal skipa, eða umdæmisþing kjósa, þegar hann/hún hefur tekið við embætti, ritara/gjaldkera stjórnar eða ritara stjórnar og gjaldkera stjórnar, einn svæðisstjóra fyrir hvert svæði í umdæminu, fundarstjóra og aðra þá klúbbfélaga sem sitja mega í umdæmisstjórn.

## ■ 13. gr. *Brottvikning.*

- Félögum í umdæmisstjórn, öðrum en umdæmisstjóra (3), fyrsta varaumdæmisstjóra og öðrum varaumdæmisstjóra, má víkja úr embætti vegna tiltekinna ástæðna (4) með atkvæðagreiðslu um brottvikningu, þegar tveir þriðju hlutar (2/3) heildarfjölda umdæmisstjórnarmanna greiða atkvæði með því.

## V. Kafli. Tilnefningar umdæmis, kjör og skipanir í stöður.

### ■ 14. gr. *Tilnefningarnefnd.*

- Sérhver umdæmisstjóri skal, með skriflegri tilkynningu sem móttokin er að minnsta kosti sextíu (60) dögum fyrir umdæmisþing, skipa tilnefningarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur (3) og ekki fleiri en fimm (5) félögum, sem eru fullgildir og skuldlausir félagar í mismunandi fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbum í umdæminu. Mega viðkomandi félagar, á meðan á skipunartíma þeirra stendur, ekki gegna neinu embætti í umdæmisstjórn eða á alþjóðlega vísu, hvorki samkvæmt kjöri eða skipun.

### ■ 15. gr. *Reglur um kjör umdæmisstjóra.*

- Sérhver hæfur félagi klúbbs í umdæminu, sem býður sig fram til embættis umdæmisstjóra, skal tilkynna um framboðsfyrirætlan sína með því að leggja fram skrifleg gögn til skráningar hjá tilnefningarnefnd fyrir þann dag þegar nefndin leggur skýrslu sína fram á þingi og láta í té gögn um að hann hlíti þeim reglum um hæfisskilyrði sem gilda um embættið og kveðið er á um í alþjóðalögum og viðaukum.
- Tilnefningarnefnd skal bera fram til tilnefningar á umdæmisþingi nafn (nöfn) allra frambjóðenda sem þannig eru hæfir. (5) Hafi enginn boðið sig fram með framangreindum hætti eða sé til þess hæfur, þá og einungis þá, er heimilt að bera fram tilnefningar til embættisins úr sal.
- Frambjóðanda skal leyft að halda eina framboðsræðu sem ekki má taka lengri tíma í flutningi en fimm (5) mínútur og eina ræðu, þar sem óskað er eftir stuðningsyfirlýsing, sem ekki má vera meira en þrjár (3) mínutur að lengd.

### ■ 16. gr. *Reglur um kjör fyrsta og annars varaumdæmisstjóra.*

- Sérhver félagi klúbbs í umdæminu, sem býður sig fram til embættis fyrsta og annars umdæmisstjóra, skal tilkynna um framboðsfyrirætlan sína með því að leggja fram skrifleg gögn til skráningar hjá tilnefningarnefnd fyrir þann dag þegar nefndin leggur skýrslu sína fram á þingi og láta í té gögn um að viðkomandi hlíti þeim reglum um hæfisskilyrði sem gilda um nefnt embætti og kveðið er á um í alþjóðalögum og viðaukum.

- Tilnefningarnefnd skal bera fram til tilnefningar á umdæmisþingi nafn (nöfn) allra frambjóðenda sem til þess eru hæfir. (6) Hafi enginn boðið sig fram með framangreindum hætti eða sé til þess hæfur, þá og einungis þá, er heimilt að bera fram tilnefningar til embættisins úr sal.
- Frambjóðanda skal leyft að halda eina framboðsræðu sem ekki má taka lengri tíma í flutningi en fimm (5) mínútur og eina ræðu þar sem óskað er eftir stuðningsyfirlýsingu og sem ekki má vera meira en þrjár (3) mínutur að lengd.

### ■ 17. gr. Atkvæðagreiðsla.

- Kosning skal vera leynileg og skrifleg.
- Til þess að ná kjöri er þess krafist, að frambjóðandi eða frambjóðendur tryggi sér meirihluta atkvæða, sem greidd eru af fulltrúum þeim sem viðstaddir eru og greiða atkvæði. Í þessu sambandi telst meirihluti atkvæða vera meira en helmingur allra gildra atkvæða, að frátöldum atkvæðum þeirra fulltrúa, sem skila auðu og/eða sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.
- Ef enginn frambjóðandi fær meirihluta í fyrstu atkvæðagreiðslu eða í síðari atkvæðagreiðslum skal sá frambjóðandi, sem fæst atkvæði fær eða þeir frambjóðendur, sem jafnfæst atkvæði fá, falla úr kosningunni. Atkvæðagreiðslu skal haldið áfram uns einn frambjóðandi hlýtur meirihluta atkvæða.
- Ef frambjóðendur hljóta jafnmög atkvæði í einhverri atkvæðagreiðslu skal atkvæðagreiðslu haldið áfram þar til einn frambjóðandi nær kjöri. (7)

### ■ 18. gr. Laust embætti umdæmisstjóra.

- Þegar embætti umdæmisstjóra er óskipað, skal skipað í embættið á grundvelli ákvæða laga og viðauka alþjóðasamtakanna. Fyrrverandi umdæmisstjóri, sem gegndi embætti næstur þar á undan, fyrsti og annar varaumdæmisstjóri, svæðisstjórar og ritari stjórnar og gjaldkeri stjórnar (ritari/gjaldkeri stjórnar) og fyrrverandi umdæmisstjórar, fyrrverandi alþjóðastjórnarmenn og fyrrverandi alþjóðaforsetar í umdæminu, skulu koma saman þann dag og þá stund og á þeim stað sem fyrrverandi umdæmisstjóri, sem síðast gegndi því embætti, ákveður í því skyni að velja staðgengil umdæmisstjóra sem hljóta þarf meðmæli alþjóðastjórnar. (8)
- Til að Lionsfélagi verði talinn kjörgengur og hæfur til að verða valinn til skipunar í lausa stöðu umdæmisstjóra verður hann/hún að:
  - (a) Vera fullgildur og skuldlaus félagi í fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi, með stofnskrá, í umdæmi sínu.
  - (b) Hafa starfað, eða kemur til með að hafa starfað, þegar hann/hún tekur við embætti umdæmisstjóra:
    - (i) Sem embættismaður í Lionsklúbbi fullt kjörtímabil eða mikinn hluta þess og
    - (ii) Sem meðlimur í umdæmisstjórn í tvö (2) full kjörtímabil eða mikinn hluta þeirra.
    - (iii) Hafa ekki gegnt ofangreindum embættum samtímis.
- Hvatt er til þess að fyrsti varaumdæmisstjóri gegni störfum fullt kjörtímabil og aðrir hæfir Lionsfélagar verði metnir með tilliti til að taka að sér laust embætti umdæmisstjóra.

### ■ 19. gr. *Fyrsti og annar varaumdæmisstjóri og önnur laus embætti.*

- Í öll laus embætti í stjórn, nema embætti umdæmisstjóra og fyrsta og annars varaumdæmisstjóra, skal umdæmisstjóri skipa til þess tíma sem eftir er af kjörtímabili.  Ef embætti fyrsta eða annars varaumdæmisstjóra losnar skal umdæmisstjóri boða sitjandi stjórnarmenn til fundar eins og kveðið er á um í alþjóðalögum og viðaukum, svo og alla fyrrverandi alþjóðastjórnarmenn sem eru fullgildir og skuldlausir félagar í fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi í umdæminu. Það er skylda þátttakenda á þessum fundi að skipa hæfan klúbbfélaga í stöðu fyrsta eða annars varaumdæmisstjóra þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Þegar skipað er í nefnt laust embætti skal það vera skylda umdæmisstjóra, eða sé hann ekki viðlátinn, þá fyrrverandi umdæmisstjóra, sem síðast gegndi embættinu og er viðlátinn, að senda út boð um að sitja nefndan fund og það skal einnig vera á ábyrgð hans/hennar að taka að sér fundarstjórnum á fundinum. Fundarstjóri skal senda alþjóðaskrifstofu niðurstöður fundarins innan sjö (7) daga, ásamt gögnum sem sanna að fundarboð hafi verið sent út, svo og um fundarsókn. Hver Lionsfélagi sem á rétt á að fá fundarboð og er viðstaddir á nefndum fundi, skal eiga rétt á að greiða atkvæði þeim Lionsfélaga sem hann/hún velur sjálf.
- Til þess að Lionsfélagi verði talinn kjörgengur og hafur til að verða valinn til að taka við embætti fyrsta eða annars varaumdæmisstjóra verður hann/hún að:
  - (a) Vera virkur fullgildur og skuldlaus félagi í fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi með stofnskrá, í umdæmi sínu.
  - (b) Hafa starfað, eða kemur til með að hafa starfað, þegar hann/hún tekur við embætti fyrsta eða annars varaumdæmisstjóra:
    - (i) Sem embættismaður í Lionsklúbbi fullt kjörtímabil eða mikinn hluta þess og
    - (ii) Sem stjórnarmaður í umdæmisstjórn fullt kjörtímabil eða mikinn hluta þess.
    - (iii) Hafa ekki gegnt ofangreindum embættum samtímis.

### ■ 20. gr. *Hæfisskilyrði svæðisstjóra.*

- Svæðisstjóri skal:
  - (a) Vera virkur fullgildur og skuldlaus félagi í klúbbi á sínu svæði og
  - (b) Hafa starfað, eða kemur til með að hafa starfað, þegar viðkomandi tekur við embætti svæðisstjóra sem formaður í Lionsklúbbi fullt kjörtímabil eða mikinn hluta þess og sem stjórnarmaður í stjórn Lionsklúbbs í eigi minna en tvö (2) ár að auki. (9).

### ■ 21. gr. *Útnefning/kjör svæðisstjóra.*

- Umdæmisstjóri skal, þegar hann/hún tekur við embætti, skipa einn svæðisstjóra fyrir hvert svæði.

### ■ 22. gr. *Laust embætti svæðisstjóra.*

- Ef svæðisstjóri hættir að vera félagi í klúbbi á svæði sem hann/hún var skipaður svæðisstjóri, skal kjörtímabili hans/hennar í embætti ljúka og skal umdæmisstjóri skipa eftirmann til að taka við nefndu embætti. Umdæmisstjóra er hins vegar heimilt, samkvæmt eigin ákvörðun, að ákveða að staða svæðisstjóra verði ekki nýtt þann tíma sem eftir er af skipunartíma.

## **VI. Kafli. Skyldur umdæmisstjórnar og umdæmisstjórnarmanna.**

### **■ 23. gr. *Umdæmisstjóri.***

- Starfstími umdæmisstjóra er eitt ár frá því hann er settur í embætti á alþjóðaþingi og þar til eftirmaður hans er settur í embætti á sama hátt.
- Umdæmisstjóri kemur fram fyrir hönd allra klúbba í umdæmi sínu bæði á innlendum og erlendum vettvangi, svo sem í umdæmisstjóraráði, Norræna samstarfsráðinu, Evrópu Forum og alþjóðasamtökunum. Undir almennri yfirstjórn alþjóðastjórnar ber umdæmisstjóra (honum/henni) að koma fram sem fulltrúi alþjóðasamtakanna í umdæmi sínu. Enn fremur, skal hann/hún vera yfirmaður og hafa með höndum stjórn í umdæminu og (skal) hafa beina yfirumsjón með fyrsta og öðrum varaumdæmisstjóra, svæðisstjórum, ritara/gjaldkera stjórnar eða ritara stjórnar og gjaldkera stjórnar, svo og með öðrum þeim stjórnarmönum sem kann að vera kveðið á um í lögum þessum.
- Sérstakar skyldur umdæmisstjóra skulu vera að:
  - (a) Stjórn og stuðla að fjölgun félaga og uppbyggingu nýrra klúbba.
  - (b) Stjórn og stuðla að uppbyggingu á leiðtogaþæfni innan klúbba og innan umdæmis.
  - (c) Efla alþjóðahjálparsjóð Lions -LCIF- og alla þjónustustarfsemi alþjóðasamtakanna.
  - (d) Hafa með höndum fundarstjórn, þegar hann er viðstaddir, á stjórnarfundum, þingum og á öðrum umdæmisfundum. Þegar hann/hún er ekki viðlátinn til að hafa með höndum slíka fundarstjórn skal sá sem fer með fundarstjórn vera fyrsti eða annar varaumdæmisstjóri en sé hann/hún ekki viðlátin, þá skal sá stjórnarmaður umdæmisins stjórnna fundi sem valinn er af viðstöddum fundarmönum.
  - (e) Efla samhug meðal Lionsklúbba, sem starfa samkvæmt stofnskrá.
  - (f) Fara með eftirlit og vald yfir umdæmisstjórnarmönum og öðrum þeim sem skipaðir hafa verið í umdæmisnefndir og kveðið er á um í lögum þessum fyrir umdæmið.
  - (g) Tryggja að umdæmisstjóri eða annar umdæmisstjórnarmaður heimsæki sérhvern Lionsklúbb í umdæminu einu sinni á hverju ári til að greiða fyrir farsælli stjórn klúbbsins og að sá stjórnarmaður, sem í heimsókn fer, leggi fram heimsóknarskýrslu til alþjóðaskrifstofu vegna hvarrar heimsóknar.
  - (h) Leggja fram uppfært sundurliðað reikningsfirlit yfir allar kvitanir og öll útgjöld á umdæmisþingi eða umdæmisþingi, sem haldið er í tengslum við fjöldumdæmisþing.
  - (i) Afhenda, tímanlega, við lok skipunartíma síns, almenna bókhaldsreikninga og/eða reikningsskil, sjóði og gögn umdæmisins til arftaka síns í embætti.
  - (j) Tilkynna alþjóðasamtökunum um öll brot, sem vitað er um, varðandi notkun á heiti samtakanna og einkennismerki þeirra.
  - (k) Framkvæma önnur þau störf og verkefni sem farið er fram á að hann/hún inni af hendi af alþjóðastjórn á grundvelli handbókar fyrir umdæmisstjóra og annarra leiðbeininga.
  - (l) Sækja fund Norræna samstarfsráðsins. Einnig sækja aðra alþjóðlega fundi (Evrópu Forum) ef þurfa þykir og ástæður leyfa.

### **■ 24. gr. *Fyrsti varaumdæmisstjóri.***

- Fyrsti varaumdæmisstjóri, sem lýtur eftirliti og leiðsogn umdæmisstjóra, skal vera aðal aðstoðarmaður og fulltrúi umdæmisstjóra.
- Helstu starfsskyldur fyrsta varaumdæmisstjóra skulu vera, en takmarkast ekki við, að;
  - a. Styðja við markmið alþjóðasamtakanna.
  - b. Inna af hendi þær stjórnunarlegu skyldur sem umdæmisstjóri felur honum.

- c. Framkvæma önnur þau störf og verkefni sem alþjóðastjórn óskar eftir.
- d. Taka þátt í fundum umdæmisstjórnar, stýra fundum í fjarveru umdæmisstjóra og taka þátt í öðrum fundum eftir því sem við á.
- e. Aðstoða umdæmisstjóra við að fara yfir styrkleika og veikleika klúbbanna í umdæminu, finna veika klúbba og koma upp áætlunum til að styrkja þá.
- f. Takast á hendur heimsóknir í klúbba, sem fulltrúi umdæmisstjóra, þegar umdæmisstjóri óskar eftir.
- g. Vera tengiliður umdæmisstjórateymis við GMT teymi umdæmisins. Starfa sem virkur félagi í GMT teyminu með umdæmisstjóra, öðrum varaumdæmisstjóra og öðrum félögum í teyminu við að koma á fót og framkvæma áætlun til að auka félagafjölda í öllu umdæminu.
- h. Starfa með umdæmisstjóra, öðrum varaumdæmisstjóra og GLT teymi umdæmisins í því skyni að þróa og framkvæma áætlun um uppbyggingu leiðtogaefna í öllu umdæminu;
- i. Starfa með umdæmisþingnefnd og aðstoða nefndina við að undirbúa og stjórna árlegu umdæmisþingi, svo og aðstoða umdæmisstjóra við að skipuleggja og kynna aðra viðburði innan umdæmisins.
- j. Stýra öðrum umdæmisnefndum að beiðni umdæmisstjóra.
- k. Taka þátt í áætlanagerð fyrir næsta ár, þar á meðal fjárhagsáætlun fyrir umdæmið.
- l. Kynna sér starfsskyldur umdæmisstjóra þannig að ef embættið losnar sé hann/hún betur í stakk búinn til þess að takast á hendur þau skyldustörf og þá ábyrgð sem fylgir því að gegna embætti starfandi umdæmisstjóra þar til skipað hefur verið í hina lausu stöðu samkvæmt lögum þessum og málsmeðferðarreglum, sem samþykktar hafa verið af alþjóðastjórn.

## ■ 25. gr. Annar varaumdæmisstjóri.

- Annar varaumdæmisstjóri, sem lýtur yfirumsjón og leiðbeiningum umdæmisstjóra, skal vera aðstoðarmaður við stjórn umdæmisins og fulltrúi umdæmisstjóra.
- Sérstakar skyldur annars varaumdæmisstjóra skulu vera, en takmarkast ekki við, að;
  - a. Styðja við markmið alþjóðasamtakanna.
  - b. Inna af hendi þær stjórnunarlegu skyldur sem umdæmisstjóri felur honum.
  - c. Framkvæma önnur þau störf og verk sem alþjóðastjórn óskar eftir.
- d. Taka þátt í fundum umdæmisstjórnar og stýra fundum í fjarveru umdæmisstjóra og fyrsta varaumdæmisstjóra og taka þátt í öðrum fundum eftir því sem við á.
- e. Kynna sér starfsemi og stöðu klúbba í umdæminu, fara yfir mánaðarleg reikningsskil og aðstoða umdæmisstjóra og fyrsta varaumdæmisstjóra við að finna og styrkja veika klúbba.
- f. Takast á hendur heimsóknir í klúbba, sem fulltrúi umdæmisstjóra, þegar hann er beðinn um það af honum/henni.
- g. Aðstoða umdæmisstjóra og fyrsta varaumdæmisstjóra við áætlanagerð og framkvæmd árlegs umdæmisþings.
- h. Vera tengiliður umdæmisstjórateymis við GLT teymi umdæmisins. Starfa sem virkur félagi í GLT teyminu með umdæmisstjóra, öðrum varaumdæmisstjóra og öðrum félögum í teyminu, við að þróa og framkvæma áætlun um uppbyggingu leiðtogaefna í öllu umdæminu.
- i. Starfa með umdæmisstjóra, fyrsta varaumdæmisstjóra og GMT teyminu við að byggja upp og framkvæma áætlun fyrir allt umdæmið til að auka félagafjölda.

- j. Starfa með fulltrúa alþjóðahjálparsjóðs Lions -LCIF- og aðstoða LCIF teymið við að ná markmiðum ársins með reglubundinni dreifingu upplýsinga og efnis frá sjóðnum og um hann til að auka skilning og stuðning við hann.
- k. Vinna með upplýsingatækninefnd umdæmisins og aðstoða nefndina við að koma á framfæri notkun á vefsíðu alþjóðasamtakanna og notkun internetsins meðal klúbba og félaga til að afla upplýsinga, skila skýrslum, kaupa inn vörur fyrir klúbba, o.s.frv.
- l. Að hafa umsjón með öðrum umdæmisnefndum samkvæmt beiðni umdæmisstjóra.
- m. Aðstoða umdæmisstjóra og fyrsta varaumdæmisstjóra og stjórn við áætlanagerð fyrir næsta ár, þar á meðal fjárhagsáethun fyrir umdæmið.
- n. Kynna sér starfsskyldur umdæmisstjóra þannig að ef embætti hans/hennar og fyrsta varaumdæmisstjóra losnar, þá sé hann/hún betur í stakk búinn að takast á hendur þær starfsskyldur og þá ábyrgð sem fylgja nefndum embættum sem starfandi umdæmisstjóri eða varaumdæmisstjóri, þangað til skipað verður í laus embætti samkvæmt lögum þessum og reglum, sem samþykktar hafa verið af alþjóðastjórn.

## ■ 26. gr. *Ritar/gjaldkeri stjórnar.*

- Ritari/gjaldkeri umdæmisstjórnar lýtur yfirstjórn umdæmisstjóra. Sérstakar skyldur hans/hennar eru þær að;
  - (a) Styðja við markmið alþjóðasamtakanna.
  - (b) Framkvæma starfsskyldur þær sem felast í embættinu, þar með talið en án þess að takmarkast við:
- 1) Færa nákvæma skrá í fundargerðabók um alla fundi stjórnar og innan fimm (5) daga eftir hvern fund senda eintak af fundargerð til allra stjórnarmanna, og til skrifstofu alþjóðasamtakanna.
  - 2) Ganga frá skýrslum til stjórnar eftir því sem umdæmisstjóri eða stjórn kunna að óska eftir.
  - 3) Senda og greiða til ritara/gjaldkera umdæmisstjóraráðs félagsgjöld fjölumdæmis svo og önnur gjöld, sé um þau að ræða, og tryggja að fengin sé kvittun fyrir greiddum gjöldum.
  - 4) Færa nákvæmt bókhald og bókhaldsgögn, svo og fundargerðir um alla stjórnarfundi og leyfa skoðun á þessum gögnum af hálfu umdæmisstjóra, sérhvers stjórnarmanns og allra klúbba (eða fulltrúa þeirra sem eru með umboð) hvenær sem er og í hvaða eðlilegum tilgangi sem kann að vera. Eftir fyrirsögn umdæmisstjóra eða stjórnar ber viðkomandi að skila bókhaldi og öllum bókhaldsgögnum til endurskoðanda sem umdæmisstjóri hefur tilnefnt.
  - 5) Ganga frá verkábyrgð vegna framkvæmdar starfa sinna fyrir þeirri fjárhæð og með þeim ábyrgðarmönnum sem umdæmisstjóri kann að krefjast.
  - 6) Afhenda tímanlega, við lok skipunartíma síns, almennt bókhald og/eða reikningsskil, sjóði og gögn umdæmisins til arftaka síns í starfi.
  - 7) Hafa umsjón með bréfum, bókum og öðru skjalasafni umdæmisins og afhenda það eftirmanni sínum í röð og reglu strax að starfstíma loknum.
  - (c) Framkvæma önnur þau störf og verk, eftir því sem kann að vera kveðið á um varðandi hvert þeirra í leiðbeiningum alþjóðastjórnar.
- Ef sérstakar stöður ritara stjórnar og gjaldkera stjórnar eru stofnaðar þá fylgja þeim þær starfsskyldur sem taldar eru upp í (b)-lið hér að framan varðandi hvora stöðu fyrir sig, samkvæmt eðli þeirra starfsskyldna sem fylgja hvorri stöðu.

## ■ 27. gr. *Svæðisstjóri.*

- Svæðisstjóri, sem lýtur eftirliti og stjórn umdæmisstjóra, skal fara með yfirstjórn á svæði sínu.
- Sérstakar skyldur svæðisstjóra skulu vera að:
  - (a) Styðja markmið alþjóðasamtakanna.
  - (b) Starfa sem formaður ráðgjafarnefndar umdæmisstjóra á svæði sínu og sem slíkur boða til reglulegra funda nefndarinnar.
  - (c) Leitast við að fá GMT og GLT fulltrúa umdæmisins og teymi umdæmisstjóra sem sérstaka gesti á fund með ráðgjafanefnd umdæmisstjóra til að ræða þarfir sem tengjast starfi við að auka félagafjölda og þróa leiðtogaþæfni og hvernig þessi teymi og teymi umdæmisstjóra geta veitt aðstoð sína við að auka félagafjölda og byggja upp leiðtogaþæfni á svæðinu.
  - (d) Gera skýrslu um hvern nefndarfund ráðgjafarnefndar umdæmisstjóra og senda afrit hennar innan fimm (5) daga þaðan í frá til alþjóðasamtakanna, umdæmisstjóra og GMT og GLT fulltrúa.
  - (e) Styðja starf til styrkingar klúbba innan svæðis og starfa í samstilltu átaki með GMT og GLT fullrúum umdæmisins og teymi umdæmisstjóra við framkvæmd þessarar áætlunar innan svæðisins.
  - (f) Taka virkan þátt í stofnun nýrra klúbba í samráði við GMT fulltrúa umdæmisins og þekkja vel til starfsemi og velferðar allra klúbba á svæði sínu.
  - (g) Taka virkan þátt, í samráði við GLT fulltrúa umdæmisins, í að styðja við frumkvæði varðandi leiðtogaþæfni með því að kynna Lionsfélögum á svæði tækifæri til að þróa leiðtogaþæfni innan svæðis, í umdæmi og fjölmundæmi.
  - (h) Koma fram fyrir hönd hvers klúbbs á svæði sínu vegna vandamála er snerta umdæmið, formann umdæmisstjóraráðs eða alþjóðasamtökum.
  - (i) Hafa yfirumsjón á svæði sínu með framgangi verkefna í umdæmi, fjölmundæmi, og á vegum alþjóðasamtakanna.
  - (j) Kappkosta að hver klúbbur á viðkomandi svæði starfi samkvæmt stofnskrá og lögum.
  - (k) Efla þátttöku á alþjóðaþingi, umdæmisþingi og fjölmundæmisþingi með því að senda að minnsta kosti alla þá fulltrúa sem klúbbar á viðkomandi svæði eiga rétt á að senda.
  - (l) Heimsækja almennan fund í hverjum klúbbi á svæði sínu einu sinni eða oftar á starfstíma sínum og greina umdæmisstjóra frá niðurstöðum sínum, sérstaklega varðandi veikleikamerki sem hann kann að hafa komist að raun um í starfi sínu.
  - (m) Framkvæma önnur þau störf og verk sem kann að vera kveðið á um í reglum alþjóðastjórnar.

## ■ 28. gr. *Umdæmisstjórn.*

- Umdæmisstjórn skal:
  - (a) Aðstoða umdæmisstjóra við framkvæmd á starfsskyldum sínum og við samningu áætlana bæði á sviði stjórnunar og sviði stefnumála sem hafa áhrif á velferð Lions-stefnunnar í umdæminu.
  - (b) Taka á móti, frá svæðisstjórum eða öðrum til þess skipuðum stjórnarmönnum, skýrslum og tilmælum sem snerta klúbba og svæði.
  - (c) Hafa yfirumsjón með innheimtu allra félagsgjalda, svo og annarra gjalda, hjá gjaldkera stjórnar, tilnefna vörluaðila (einn eða fleiri) fyrir nefnda sjóði og veita heimild til greiðslu allra lögmætra útgjalda sem snerta stjórnsýslu málefna umdæmisins.

- (d) Ganga frá ábyrgð, ákveða fjárhæð hennar og samþykkja ábyrgðarfyrirtæki það sem gefur út ábyrgð, vegna ritara/gjaldkera stjórnar.
- (e) Tryggja að reikningsskil umdæmisins fari fram hálfssárslega eða oftar á vegum ritara og gjaldkera stjórnar eða ritara/gjaldkera.
- (f) Sjá um að fram fari endurskoðun á bókhaldi og reikningum ritara stjórnar, gjaldkera stjórnar eða ritara/gjaldkera og koma á fót, með samþykki umdæmisstjóra, fastri áætlun varðandi dagsetningar, tímasetningar og staði þar sem halda skal stjórnarfundi á fjárhagsárinu.
- (g) Umdæmi 109A og 109B reka sameiginlega skrifstofu íslenskra Lionsklúbba, sbr. c-lið 15. gr. fjöldumdæmislagu.

■ **29. gr. Fundarstjóri/pingstjóri.**

- Fundarstjóri skal sjá um að halda uppi röð og reglu og velsæmi á viðkomandi þingum og fundum og fara með önnur þau ábyrgðarstörf sem fylgja embætti hans/hennar samkvæmt viðurkenndum reglum um fundarsköp.

## VII. Kafli. Umdæmisnefndir.

■ **30. gr. Ráðgjafarnefnd umdæmisstjóra.**

- Á hverju svæði skulu svæðisstjóri, formenn og ritrarar klúbba á svæðinu mynda ráðgjafarnefnd umdæmisstjóra, þar sem svæðisstjóri er formaður. Á þeim degi, tíma og stað sem svæðisstjóri hefur boðað, skal nefnd þessi halda sinn fyrsta fund innan níutíu (90) daga eftir að undanfarandi alþjóðaþingi var slitið. Annan fund skal halda í nóvembermánuði, þriðja fund í mánuðunum febrúar eða mars og fjórða fund skal halda um það bil þrjátíu dögum fyrir fjöldumdæmisþing. Nefndin á að aðstoða svæðisstjóra sem ráðgefandi aðili, afla tillagna er snerta velferðarmál Lionsstefnunnar og klúbba á svæðinu og koma tillögum sínum, fyrir milligöngu svæðisstjóra, á framfæri við umdæmisstjóra og stjórn hans.

■ **31. gr. Heiðursnefnd umdæmisstjóra.**

- Umdæmisstjóra er heimilt að útnefna heiðursnefnd umdæmisstjóra sem samanstendur af fyrrverandi alþjóðastjórnarmönnum, sem eru fullgildir og skuldlausir félagar í klúbbum í umdæminu. Nefnd þessi skal koma saman þegar og eftir því sem umdæmisstjóri boðar. Hún skal starfa undir stjórn umdæmisstjóra að eflingu samhugar um allt umdæmið. Formaður nefndar þessarar skal sækja fundi stjórnar þegar umdæmisstjóri óskar þess.

■ **32. gr. Laganefnd fjöldumdæmis og umdæma.**

Laganefnd samkvæmt 21. gr. fjöldumdæmisлага starfar fyrir fjöldumdæmið, svo og umdæmi 109 A og 109 B. Um skipan nefndarinnar og verksvið vísast til nefndrar lagagreinar fjöldumdæmislagu.

■ **33. gr. Nefndir umdæmisstjórnar.**

- Umdæmisstjóra er heimilt að setja á stofn og skipa aðrar þær nefndir og/eða þá fulltrúa sem hann/hún telur nauðsynlegt og viðeigandi til að starfsemi í umdæminu geti orðið skilvirk. Formenn slíkra nefnda skulu taldir vera meðlimir í umdæmisstjórn, án atkvæðisréttar.

## **VIII. Kafli. Fundir.**

■ **34. gr. Fundir umdæmisstjórnar.**

- (a) Fastir fundir.  
Fastan fund stjórnar skal halda á hverjum ársfjórðungi fjárhagsárs, þar sem fyrsta fund ætti að halda innan þrjátíu (30) daga eftir að undanfarandi alþjóðaþingi var slitið. Umdæmisritari skal senda skriflegt fundarboð (tilkynningu um fund) með tíu (10) daga fyrirvara, til hvers stjórnarmanns þar sem fram komi dagsetning, tími og staður sem ákveðinn hefur verið af umdæmisstjóra.  
□ (b) Sérstakir fundir.  
Umdæmisstjóra er heimilt að boða sérstaka fundi umdæmisstjórnar að eigin ákvörðun. Einnig skulu þeir boðaðir komi fram skrifleg beiðni þar um frá meirihluta stjórnarmanna til umdæmisstjóra eða umdæmisritara. Umdæmisritari skal senda hverjum umdæmisstjórnarmanni skriflegt fundarboð með ekki færri en fimm (5) daga og ekki fleiri en tuttugu (20) daga fyrirvara (þar með talið bréf, rafrænn póstur, fax, eða símskeyti) um sérstaka fundi, þar sem fram komi tilgangur fundar, dagsetning, tími og staður, sem ákveðinn er af umdæmisstjóra.  
□ (c) Ákvörðunararbær meirihluti.  
Fundarpátttaka meirihluta stjórnarmanna í umdæminu skal fela í sér ákvörðunararbæran meirihluta á sérhverjum stjórnarfundi.  
□ (d) Atkvæðagreiðsla.  
Rétt til að greiða atkvæði eiga allir stjórnarmenn í umdæmisstjórn.

■ **35. gr. Önnur fundarform.**

- Fasta og/eða sérstaka fundi umdæmisstjórnar er hægt að halda með notkun annarra fundarforma, eins og símafunda og/eða veffunda samkvæmt ákvörðun umdæmisstjóra.

■ **36. gr. Málefni afgreidd í pósti.**

- Umdæmisstjórn er heimilt að sinna málefnum með póstsendingum (þar með talið með bréfum, rafrænum pósti, faxi (símbréfi), eða símskeyti) með þeim fyrirvara að engin slík málefni öðlist gildi fyrr en þau hafa verið samþykkt með skriflegum hætti af tveimur þriðju hlutum (2/3) heildarfjölda stjórnarmanna í umdæmisstjórn. Umdæmisstjóri eða einhverjir þrír (3) stjórnarmeðlimir umdæmisins geta átt frumkvæði að slíku verklagi.

■ **37. gr. Svæði.**

- (a) Skipulag.  
Svæði skulu lúta breytingum af hálfu umdæmisstjóra, í þeim málefnum sem eru í ákvörðunarvaldi hans/hennar og skal hann/hún hafa að leiðarljósi sömu atriði hvort sem

um er að ræða hagsmuni umdæmisins eða alþjóðasamtakanna. Á svæði er æskilegt að starfi fjórir (4) til átta (8) klúbbar, þó skal tekið tilhlýðilegt tillit til landfræðilegrar legu klúbba.

(b) **Svæðisfundir.**

Fundi fulltrúa allra klúbba á svæðinu, með svæðisstjóra eða með öðrum stjórnarmanni umdæmisstjórnar, sem kann að vera tilnefndur til þess af umdæmisstjóra og sem stýrir fundi, ætti að halda á fjárhagsárinu á tíma og stað sem ákveðinn er af svæðisstjóra.

## **IX. Kafli. Umdæmisþing.**

**■ 38. gr. *Æðsta vald.***

Umdæmisþing fer með æðsta vald í umdæminu með þeim takmörkunum sem felast í lögum þessum, svo og lögum og samþykktum alþjóðasamtakanna. Umdæmisstjóri fer með yfirstjórn umdæmisins og ber ábyrgð gagnvart umdæmisþingi.

**■ 39. gr. *Staður og stund.***

Árlegt umdæmisþing skal haldið eigi síðar en þrjátíu (30) dögum fyrir boðað alþjóðaþing, á stað sem valinn var af þingfulltrúum sem sátu næstsíðasta umdæmisþing og þann dag og þá stund sem umdæmisstjóri ákveður.

Fundur skráðra þingfulltrúa umdæmisins, sem mættir eru á fjöldumdæmisþing sem viðkomandi umdæmi er hluti af, getur talist vera árlegt umdæmisþing. (10)

**■ 40. gr. *Val þingstaðar.***

Umdæmisstjóri skal taka á móti skriflegum boðum frá þeim klúbbum sem óska eftir því að halda ársþing næsta árs eða eitthvert næstu ára. Öll boð skulu innihalda þær upplýsingar sem umdæmisstjóri kann eftir atvikum á hverjum tíma að óska eftir og skal skila boðum til hans eigi síðar en þrjátíu (30) dögum fyrir boðaðan fundardag þingsins, þar sem fulltrúar nefnðs þings skulu greiða atkvæði um þingstað.

Umdæmisstjóri skal setja reglur, sem fylgt skal við könnun tilboða og við kynningu þeirra á þingum, sem og aðgerðir sem þarf að ráðast í af hálfu þings, fari svo, að mati umdæmisstjóra, að engin tilboð séu ásættanleg eða þau séu ekki ásættanleg eins og þau hafa verið lögð fram. (11)

**■ 41. gr. *Opinbert fundarboð.***

Umdæmisstjóri skal gefa út opinbert prentað fundarboð eða með rafrænum hætti og senda öllum kúbbum vegna árlegs umdæmisþings eigi síðar en sextíu (60) dögum fyrir þingsetningardag, þar sem tiltekinn er staður, dagur og stund fyrir þingið.

**■ 42. gr. *Breyting á fundarstað.***

Umdæmisstjórn hefur hvenær sem er heimild og vald til að breyta áður völdum þingstað á grundvelli gildra ástæðna og skulu hvorki umdæmið, embættismenn umdæmisins né nokkur stjórnarmaður í umdæmisstjórn, teljast vera bótaskyldir vegna þessa gagnvart nokkrum klúbbi eða klúbbfélaga í umdæminu. Tilkynning um breytingu á

þingstað skal vera skrifleg og skal hún látin í té sérhverjum klúbbi í umdæminu eigi síðar en þrjátíu (30) dögum fyrir þingsetningardag hins árlega umdæmisþings. (12)

■ **43. gr. Reglur varðandi fulltrúa klúbba.**

- Hver einstakur klúbbur, sem fengið hefur stofnskrá og er skuldlaus við LCI, umdæmi sitt og fjöldumdæmi, skal eiga rétt á því að senda á umdæmisþing einn (1) fulltrúa og einn (1) varafulltrúa fyrir hverja tíu (10) félaga, eða meiri hluta þess fjölda, sem hafa verið skráðir félagar í að minnsta kosti eitt ár og einn dag í klúbbnum samkvæmt skrám alþjóðaskrifstofu, fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur kemur á undan þeim mánuði þegar þingið er haldd. Sá meirihluti, sem nefndur er í ákvæði þessu, skal teljast vera fimm (5) eða fleiri félagar.
- Hver einstakur vottaður fulltrúi sem sjálfur er viðstaddir skal eiga rétt á að greiða eitt (1) atkvæði í kjöri til hvers embættis sem kjósa þarf í, og eitt (1) atkvæði um hvert málefni sem lagt er fyrir viðkomandi þing. Sé ekki öðruvísi tilgreint í lögum þessum, þá leiðir samþykkt meirihluta félaga, þegar greitt er atkvæði, til þess að atkvæðagreiðslan telst vera samþykkt þingsins. Allir kjörgengir fulltrúar verða að vera fullgildir og skuldlausir félagar í klúbbi sem er fullgildur og skuldlaus í umdæminu. (13)
- Vangreidd félagsjöld má greiða, og þannig öðlast fullgilda félagsaðild, allt að fimmtán (15) dögum áður en lokað er fyrir staðfestingu kjörbréfa, en tímamörk fyrir slíka lokun skulu ákvarðast af reglum viðkomandi þings. (14)

■ **44. gr. Ákvörðunararbær meirihluti.**

- Persónuleg þátttaka meirihluta skráðra þingfulltrúa telst fela í sér ákvörðunararbæran meirihluta á öllum fundum þingsins.

■ **45. gr. Embættismenn.**

- Stjórnarmenn í umdæmisstjórn skulu vera embættismenn hins árlega umdæmisþings.

■ **46. gr. Fundarsköp og dagskrá á þingfundum.**

- Umdæmisstjóri skal skipuleggja dagskrá á þingfundum umdæmisþings og skal sú dagskrá gilda á öllum þingfundum sérhvers þingdags.
- Á umdæmisþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir og afgeidd eftir því sem við á:
  - Ársskýrla umdæmisstjóra.
  - Kosning umdæmisstjóra, varaumdæmisstjóra og annars varaumdæmisstjóra.
  - Önnur mál sem löglega hafa verið fram borin.
- Mál og/eða tillögur, sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi, skulu póstleggjast til umdæmisstjóra á skrifstofu fjöldumdæmisins eigi síðar en 45 dögum fyrir fjöldumdæmisþing. Önnur mál en þau, sem undirbúin eru á þennan hátt, verða ekki tekin fyrir nema með samþykki meirihluta þingfulltrúa, þó getur umdæmisstjóri hvenær sem er og án nokkurs fyrirvara borið upp mál á umdæmisþingi.

■ **47. gr. Þingstjóri.**

- Umdæmisstjóri skal skipa þingstjóra fyrir þingið og þann fjölda aðstoðarþingstjóra sem þurfa þykir.

■ **48. gr. *Pinggerð*.**

- Innan sextíu (60) daga frá lokum umdæmisþings skal umdæmisritari senda eitt afrit af allri fundargerð þingsins til alþjóðaskrifstofu, umdæmisstjóranna og fyrrverandi umdæmisstjóra. Komi fram skrifleg beiðni um fundargerð frá klúbbi í umdæminu skal eintak látið viðkomandi klúbbi í té.

■ **49. gr. *Kjörbréfanefnd*.**

- Kjörbréfanefnd umdæmisþings skal skipuð umdæmisstjóra, sem er formaður, ritara/gjaldkera stjórnar og tveimur öðrum einstaklingum, sem ekki eru stjórnarmenn í umdæminu og tilnefndir eru af umdæmisstjóra. Kjörbréfanefnd skal hafa völd og framkvæma skyldur í samræmi við viðurkenndar reglur um fundarsköp.

■ **50. gr. *Nefndir umdæmisþings*.**

- Umdæmisstjóri skal skipa og tilnefna formenn, svo og skipa í allar stöður sem losna í eftirtoldum umdæmisþingsnefndum: Nefndir er varða ályktanir, kosningar og lög, svo og reglur og alþjóðaþing. Hvert svæði skal eiga að minnsta kosti einn fulltrúa í hverri nefnd. Þessar nefndir skulu framkvæma þau skyldustörf sem umdæmisstjóri tilgreinir.

■ **51. gr. *Sérstakt þing*.**

- Sérstakt þing klúbba í umdæminu má boða með atkvæðum tveggja þriðju hluta atkvæða umdæmisstjórnarmanna á þeim tíma og þeim stað sem stjórnarmenn ákveða, að því tilskildu að slíku sérstöku þingi skal lokið eigi síðar en 30 dögum fyrir boðaðan þingsetningardag alþjóðaþings og að slíkt sérstakt þing sé ekki boðað til að kjósa umdæmisstjóra, fyrsta varaumdæmisstjóra eða annan varaumdæmisstjóra.  
□ Ritari umdæmisstjórnar skal, eigi síðar en 30 dögum fyrir boðaðan þingsetningardag hins sérstaka þings, senda hverjum klúbbi í umdæminu skriflega tilkynningu um þingið, þar sem fram kemur tími, staður og tilgangur þess.

## X. Kafli. *Pingsjóður*.

■ **52. gr. *Pinggjald*.**

- Í stað eða til viðbótar skráningargjaldi fyrir umdæmisþing, er heimilt að leggja á árlegt þinggjald, sem ákveðið er á umdæmisþingi, á hvern félaga í hverjum klúbbi í umdæminu og skal það innheimt og greitt fyrirfram af hverjum klúbbi, nema nýjum klúbbum sem fengið hafa stofnskrá og endurskipulögðum klúbbum, í tveimur (2) hálfssárslegum greiðslum eins og hér segir: Fyrir hvern félaga í klúbbi þann tíunda september hvert ár til greiðslu fyrir hálfssártímabilið frá 1. júlí til 31. desember og fyrir hvern klúbbfélaga þann tíunda mars ár hvert til greiðslu á hálfssárgjaldi fyrir 1. janúar til 30. júní, þar sem reikningsgerð vegna nefnds gjalda skal byggjast á félagatali hvers klúbbs miðað við fyrstu daga september- og marsmánaðar, hvors um sig.

- Þeir klúbbar sem fá stofnskrá eða hafa verið endurskipulagðir á yfirstandandi reikningsári skulu innheimta og greiða nefnt gjald vegna nefnds reikningsárs

hlutfallslega, frá fyrsta degi annars mánaðar á eftir stofndegi klúbbs eða endurskipulagningu klúbbs, eftir því sem við á.

□ Gjald þetta skal greitt til sameiginlegrar skrifstofu íslenskra Lionsklúbba sem skal leggja fjárhæðir sem þannig eru innheimtar inn á sérstakan reikning í banka eða annan geymslustað sem valinn er af umdæmisstjóra. Sjóð, sem þannig hefur verið innheimtur, skal eingöngu nota til að greiða kostnað af umdæmisþingum.

### ■ 53. gr. *Eftirstöðvar þingsjóðs.*

□ Hvert reikningsár skulu eftirstöðvar þingsjóðs, eftir greiðslu alls stjórnunarkostnaðar þings á því ári, haldast eftir í sjóðnum og vera aðgengilegar til greiðslu framtíðarútgjalda vegna þinghalda og skulu skoðast sem tekjur á hverju því reikningsári sem þeim er varið eða þær settar í fjárhagsáætlun til greiðslu slíkra útgjalda.

### ■ 54. gr. *Innheimta gjalda.*

□ Heimilt er að innheimta gjöld sem umdæmisstjóri ákveður samkvæmt reglum sem hann setur, frá hverjum þingfulltrúa, varamanni og gesti sem situr umdæmisþing, til greiðslu raunkostnaðar vegna máltíða og skemmtanahalds á þinginu.

## XI. Kafli. Umdæmisrekstrarsjóður.

### ■ 55. gr. *Tekjur umdæmis.*

□ Í því skyni að afla tekna vegna þeirra verkefna umdæmisins sem búið er að samþykkja og til greiðslu stjórnunarkostnaðar hjá umdæminu, skal lagt á árlegt rekstrarsjóðsgjald vegna umdæmisins á hvern félaga í hverjum klúbbi í umdæminu. Fjárhæð gjaldsins skal ákveðin á umdæmisþingi og skal það innheimt og greitt fyrirfram af hverjum klúbbi í tveimur (2) hálfssárslegum greiðslum sem hér segir: Fyrir hvern klúbbfélaga þann tíunda september hvert ár til greiðslu fyrir hálfssártímabilið frá 1. júlí til 31. desember og fyrir hvern klúbbfélaga þann tíunda mars ár hvert til greiðslu á hálfssársjaldi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní, þar sem reikningsgerð vegna nefnds gjalds á að byggjast á félagatali hvers klúbbs miðað við fyrstu daga júlí- og janúarmánaðar, hvors mánaðar fyrir sig.

□ Nefnt gjald skal greiðast til sameiginlegrar skrifstofu íslenskra Lionsklúbba af hverjum klúbbi í umdæminu, nema klúbbum sem nýlega hafa fengið stofnskrá og endurskipulögðum klúbbum, sem skulu innheimta og greiða nefnt gjald hlutfallslega miðað við fyrsta dag annars mánaðar á eftir stofndegi klúbbsins eða endurskipulagningu hans, eftir því sem við á.

□ Nefnt gjald skal eingöngu greitt út vegna rekstrar- og stjórnunarútgjalda umdæmisins og eingöngu með samþykki umdæmisstjórmrar.

### ■ 56. gr. *Eftirstöðvar rekstrarsjóðs.*

□ Hvert reikningsár skal eftirstöðvum í rekstrarsjóði umdæmisins, sem eftir standa eftir greiðslu alls rekstrar- og stjórnunarkostnaðar á því ári, haldið eftir í sjóðnum og vera aðgengilegar til framtíðarútgjalda vegna stjórnunar umdæmisins og skulu eftirstöðvarnar skoðast sem tekjur á hverju því reikningsári þegar þeim er varið, eða þær settar í fjárhagsáætlun til greiðslu slíkra útgjalda.

**XII. Kafli. Tilnefningar og stuðningsyfirlýsingar**  
**Tilnefndir aðilar til embættis annars varافorseta og alþjóðastjórnarmanna.**

**■ 57. gr. Málsmeðferðarreglur um stuðningsyfirlýsingar.**

- Með fyrirvara um ákvæði í alþjóðalögum og viðaukum við þau, skal hver sá félagi Lionsklúbbs í umdæminu, sem leitar eftir stuðningsyfirlýsingum umdæmisþings til að verða frambjóðandi til embættis alþjóðastjórnarmanns eða annars varaforseta:
  - (a) Afhenda umdæmisstjóra (með pósti eða sjálfur persónulega) skriflega tilkynningu um þá ætlan sína að leita slíkrar stuðningsyfirlýsingar eigi síðar en 30 dögum fyrir boðaðan fundardag umdæmisþings þar sem slík beiðni um stuðningsyfirlýsingum verði borin undir atkvæði;
  - (b) Afhenda, ásamt fyrrgreindri tilkynningu, gögn sem votti að embættisskilyrðum þeim sem tilgreind séu í alþjóðalögum og viðaukum við þau varðandi embættið, sé fullnægt.

**■ 58. gr. Tilnefning.**

- Sérhverja tilkynningu um ætlað framboð sem er þannig lögð fram skal umdæmisstjóri umsvifalaust senda tilnefningarnefnd fyrir viðkomandi þing, sem ber að fara yfir og ganga frá henni, með því að afla viðbótargagna frá hverjum væntanlegum frambjóðanda um slík áform hans og hæfni eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja samkvæmt alþjóðalögum og viðaukum. Skal tilnefningarnefndin síðan bera fram til tilnefningar á viðkomandi þingi með nafni hvers slíks væntanlegs frambjóðanda sem uppfyllir nefnd skilyrði samkvæmt reglum um kjör og skilyrði samkvæmt lögum.

**■ 59. gr. Ræða frambjóðanda um stuðningsyfirlýsingum.**

- Sérhver sá sem leitar stuðningsyfirlýsingar (frambjóðandi) á rétt á að halda eina ræðu þar sem óskað er stuðningsyfirlýsingar og má ræðan ekki vera meira en þrjár (3) mínútur að lengd.

**■ 60. gr. Atkvæðagreiðsla.**

- Atkvæðagreiðsla um stuðningsyfirlýsingum skal fara fram leynilega með skriflegum atkvæðaseðlum, nema einungis einn frambjóðandi leiti eftir stuðningi, sé svo má fara fram atkvæðagreiðsla með handauppréttingu. Sá frambjóðandi sem fær meirihluta greiddra atkvæða skal lýstur kjörinn frambjóðandi af hálfu þingsins og umdæmisins.
- Ef atkvæði falla jafnt eða ef einn frambjóðenda nær ekki tilskildum meirihluta í atkvæðagreiðslu, skal atkvæðagreiðslu haldið áfram þangað til einn fær tilskilinn meirihluta greiddra atkvæða.

**■ 61. gr. Vottun stuðningsyfirlýsingar.**

- Vottun stuðningsyfirlýsingar af hálfu viðkomandi þings skal vera skrifleg og skulu embættismenn þeir sem tilnefndir hafa verið senda hana til alþjóðaskrifstofu í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í alþjóðalögum og viðaukum.

**■ 62. gr. Lögmæti.**

- Engin stuðningsyfirlýsing við frambjóðanda, sem er félagi í Lionsklúbbi í umdæminu, skal talin lögmæt nema og uns ákvæðum þessa kafla hefur verið fullnægt.

### XIII. Kafli. Reglur umdæmis um meðferð við lausn ágreiningsmála.

#### ■ 63. gr. Ágreiningsmál sem lúta reglum um málsmeðferð.

- Öll ágreiningsmál, sem varða aðild að klúbbi, umdæmismörk klúbbs, túlkun, brot á, eða beitingu umdæmisлага, svo og stefnu eða málsmeðferð sem tekin er upp á hverjum tíma af umdæmisstjórn, og sem ekki er hægt að leysa á fullnægjandi hátt eftir öðrum leiðum og upp koma milli klúbba innan umdæmisins eða milli einhvers klúbbs/klúbba og umdæmisstjórnar, skulu leyst á grundvelli eftirfarandi reglna um málsmeðferð ágreiningsmála.
- Sé ekki kveðið öðru vísi á um, þá er umdæmisstjóra heimilt að stytta tímamörk sem tilgreind eru í reglum þessum um málsmeðferð eða lengja slík tímamörk. Þegar um er að ræða kaeru sem beinist gegn umdæmisstjóra, hefur fyrrverandi umdæmisstjóri sem gengdi embætti næst á undan, sáttamenn eða alþjóðastjórn (eða þeir sem hún tilnefnir) þessa heimild, ef lögmætar ástæður mæla með því.
- Allir aðilar að deilu, sem lýtur málsmeðferð þessari, skulu hvorki leita stjórnsýslu- né réttarfarslegra úrræða meðan á þessu ferli um lausn deilunnar stendur.

#### ■ 64. gr. Kærur og keruskráningargjald.

- Sérhverjum fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi („kærandi“) innan alþjóðasamtakanna, er heimilt að leggja fram skriflega beiðni („kæru“) hjá umdæmisstjóra, eða ef um er að ræða kæru sem beinist gegn umdæmisstjóra, hjá fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegndi embætti næstur á undan, þar sem fram kemur ósk um að lausn ágreiningsmáls fari samkvæmt reglum þessum og fær lagadeild alþjóðasamtakanna afrit.
- Kæru verður að leggja fram innan þrjátíu (30) daga eftir að kærandi (kærendur) vissi eða mátti vita um atvik það, sem kæran byggist á, átti sér stað. Kærandi (kærendur) verður að leggja fram fundargerðir sem undirritaðar eru af ritara klúbbs, þar sem vottað er að ályktun til stuðnings skráningar kærunnar hafi verið samþykkt af meirihluta allra félaga klúbbsins. Eintak kærunnar skal sent varnaraðila (varnaraðilum).
- Með kæru, sem skráð er samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum, skal fylgja skráningargjald að fjárhæð 750 bandaríkjadalir eða jafngild fjárhæð í viðkomandi innlendum gjaldmiðli, sem hverjum kæranda ber að greiða til umdæmisins og sem skal afhent umdæmisstjóra. Sé um það að ræða að kæra beinist gegn umdæmisstjóra skal afhenda skráningargjaldið fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegndi embætti næstur þar á undan, þegar kæra er skráð.
- Ef sættir verða varðandi kæru eða hún er dregin til baka, áður en endanlegur úrskurður sáttamanna liggar fyrir, skal umdæmið halda eftir jafnvirði 100 bandaríkjadalra vegna stjórnsýslukostnaðar en jafnvirði 325 bandaríkjadalra skal endurgreitt kæranda og jafnvirði 325 bandaríkjadalra skal greitt varnaraðila (sem skiptist jafnt milli varnaraðila séu þeir fleiri en einn). Fari svo að hinir tilnefndu sáttamenn fallist á að kæra eigi við efnisleg rök að styðjast og hún sé tekin til greina skal umdæmið halda eftir jafnvirði 100 bandaríkjadalra sem gjaldi vegna stjórnsýslukostnaðar og jafnvirði 650 bandaríkjadalra skal endurgreitt kæranda. Þegar um það er að ræða að sáttamenn, sem valdir hafa verið, hafna kærunni af einhverri ástæðu skal umdæmið halda eftir jafnvirði 100 bandaríkjadalra sem gjaldi vegna stjórnsýslukostnaðar og skal jafnvirði 650 bandaríkjadalra greitt varnaraðila (sem skipta skal jafnt milli þeirra séu þeir fleiri en einn). Ef sættir takast ekki um kæru, hún dregin til baka, hún tekin til greina eða henni hafnað innan þeirra

tímamarka sem sett eru samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum (nema framlengt hafi verið vegna gildra ástæðna), skal umdæmið sjálfkrafa halda öllu gjaldinu eftir sem gjaldi vegna stjórnsýslukostnaðar og fær enginn aðila endurgreitt.

□ Allur málkostnaður, sem stofnað er til í tengslum við málsmeðferð til lausnar á deilunni, er á ábyrgð umdæmisins, nema kveðið sé á um annað í stefnu umdæmisins sem sett hefur verið þess efnis, að allur málkostnaður sem stofnað er til í tengslum við meðferðina til lausnar á deilunni skuli greiddur að jöfnu af aðilum deilunnar.

#### ■ 65. gr. *Svar við kæru.*

□ Varnaraðila (varnaraðilum) er heimilt innan tíu (10) daga frá því að tilkynning berst um kæru að leggja fram skriflegt svar við henni hjá umdæmisstjóra. Sé um það að ræða að kæra beinist gegn umdæmisstjóra skal leggja fram skriflegt svar hjá fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegndi embætti næstur þar á undan, og fær lagadeild alþjóðasamtakana afrit þess. Afrit af svari skal sent kæranda (kærendum).

#### ■ 66. gr. *Trúnaðarskylda.*

□ Þegar kæra hefur verið skráð ættu skipti á orðsendingum milli kæranda (kærenda), varnaraðila (eins eða fleiri), umdæmisstjóra og sáttamanna að vera bundin trúnaði að því marki sem mögulegt er. Sé um það að ræða að kæra beinist gegn umdæmisstjóra á hið sama einnig við um fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegndi embætti næstur þar á undan.

#### ■ 67. gr. *Val sáttamanna.*

□ Innan fimmtán (15) daga frá skráningu kæru skal hver aðili deilu velja einn (1) hlutlausán sáttamann og skulu hinir völdu sáttamenn velja einn (1) hlutlausán sáttamann, sem skal vera formaður. Ákvörðun hinna völdu sáttamanna varðandi val á sáttamanni/formanni skal vera endanlegt og bindandi.

□ Allir hinir völdu sáttamenn skulu vera leiðtoga innan Lionshreyfingarinnar og er ákjósanlegt að þeir séu fyrrverandi umdæmisstjórar og fullgildir og skuldlausir félagar í fullgildum og skuldlausum klúbbum í umdæminu, nema í þeim klúbbi sem er aðili að ágreiningnum, og skulu sáttamenn vera óhlutdrægir varðandi málefni það sem um er deilt og án hollustubanda við nokkurn aðila deilunnar. Þegar valferði er lokið skulu sáttamenn teljast vera útnefndir og hafa allar þær valdheimildir sem við eiga og nauðsynlegar eru til að leysa eða úrskurða um ágreiningsmálið í samræmi við málsmeðferðarreglur þessar.

□ Ef sáttamenn, sem valdir hafa verið, geta ekki komið sér saman um val sáttamanns/formanns innan þeirra tímamarka sem getið er um hér að framan, skulu þeir taldir hafa sagt af sér af stjórnunarlegum ástæðum og verða aðilar þá að velja nýja sáttamenn (seinni hópur sáttamanna sem valdir hafa verið) sem síðan skulu velja einn (1) hlutlausán sáttamann/formann í samræmi við reglur um val sáttamanna og þau skilyrði sem lýst er hér að framan. Ef seinni hópur valinna sáttamanna getur ekki komið sér saman um val á sáttamanni/formanni úr umdæmi þar sem ágreiningur kom upp, er völdum sáttamönnum heimilt að velja einn (1) hlutlausán sáttamann/formann sem er félagi í fullgildum og skuldlausum klúbbi í öðru umdæmi.

□ Ef seinni hópur valinna sáttamanna getur ekki komið sér saman um val á sáttamanni/formanni úr umdæmi þar sem ágreiningur kom upp eða umdæmi utan þess, skal fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður, sem síðast var stjórnarmaður í alþjóðastjórn, í

umdæminu þar sem ágreiningur kemur upp, eða úr aðliggjandi umdæmi, sé það nær, tilnefndur sem sáttamaður/formaður.

□ Tímamörk, sem tilgreind eru í E-hluta (sem fylgir lögum þessum), mega umdæmisstjóri og sáttamenn ekki stytta eða lengja og sé um það að ræða að kæra beinist gegn umdæmisstjóra, gildir það sama um fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegndi embætti næstur á undan.

#### ■ 68. gr. *Sáttafundur og úrskurður sáttamanna.*

□ Þegar sáttamenn hafa verið valdir skulu þeir ákveða fund með aðilum í því skyni að sætta ágreining. Fundinn skal ákveða innan þrjátíu (30) daga frá vali sáttamanna. Markmið sáttamanna skal vera að finna tafarlausa og sanngjarna lausn á ágreiningi.

□ Reynist sáttaukleitan árangurslaus hafa sáttamenn vald til að kveða upp úrskurð um ágreininginn. Sáttamennirnir skulu kveða upp skriflegan úrskurð sinn eigi síðar en þrjátíu (30) dögum eftir þann dag þegar upphaflegur fundur aðilanna var haldinn. Skal úrskurður vera endanlegur og bindandi fyrir alla aðila. Hinn skriflegi úrskurður skal undirritaður af öllum sáttamönum og skulu sératkvæði sáttamanns eða sáttamanna þar skráð.

□ Úrskurður sáttamanna skal að vera í samræmi við öll gildandi ákvæði alþjóðalaga, fjöldumdæmisлага og umdæmisлага og viðauka við þau, svo og stefnuyfirlýsingar alþjóðastjórnar. Úrskurður lýtur lögsögu og frekari endurskoðun alþjóðastjórnar, að frumkvæði hennar samkvæmt eigin ákvörðun, eða þeirra sem hún tilnefnir.

□ Eintak af hinum skriflega úrskurði skal afhent öllum aðilum, umdæmisstjóra, eða sé um að ræða kæru sem beinist gegn umdæmisstjóra skal afhenda úrskurð fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegndi embætti næstur þar á undan og eintak skal sent lagadeild alþjóðasamtakanna.

□ Sé ekki farið eftir endanlegum og bindandi úrskurði sáttamanna felur það í sér atferli sem ekki sæmir Lionsfélaga og veldur missi þeirra réttinda sem fylgja félagsaðild og/eða því að stofnskrá verði felld úr gildi.

### Kafli XIV. Ýmislegt.

#### ■ 69. gr. *Útgjöld umdæmisstjóra – alþjóðaþing.*

□ Útgjöld umdæmisstjóra í tengslum við þátttöku hans/hennar í alþjóðaþingi skulu skoðast sem stjórnunarkostnaður umdæmis. Endurgreiðslur vegna slíkra útgjálda skulu fara fram af hálfu umdæmis á sama grunni og kveðið er á um í endurgreiðslureglum alþjóðasamtakanna (General Reimbursement Policy).

#### ■ 70. gr. *Fjárhagslegar skuldbindingar.*

□ Umdæmisstjóri og umdæmisstjórn skulu ekki stofna til skuldbindinga á neinu fjárhagsári sem valdi því að halli verði á fjárhagsáætlun fyrir nefnt fjárhagsár.

#### ■ 71. gr. *Skuldabréf vegna ritara-gjaldkera stjórnar.*

□ Ritari/gjaldkeri stjórnar og þeir sem eru með umboð til undirritunar skulu láta útbúa ábyrgðaryfirlýsingu fyrir þeirri fjárhæð og hjá ábyrgðarfyrirtæki því sem umdæmisstjórn samþykkir en kostnaður vegna þessa skal færður sem stjórnunarkostnaður.

■ **72. gr.** *Endurskoðun eða könnun á bókhaldi.*

- Umdæmisstjórn skal sjá um að árlega eða oftar fari fram endurskoðun á bókhalds-gönum og reikningum ritara stjórnar og gjaldkera stjórnar eða ritara/ gjaldkera.

■ **73. gr.** *Laun og þóknanir.*

- Engum embættismanni skulu greidd laun vegna þjónustu sem innt er af hendi í þágu umdæmisins á grundvelli embættis viðkomandi, þó með þeirri undantekningu, að fái ritari stjórnar eða gjaldkeri stjórnar (eða ritari/gjaldkeri) greidd laun eða þóknun á annað borð skulu þau laun og þóknun ákveðin af umdæmisstjórn.

■ **74. gr.** *Fjárhagsár.*

- Fjárhagsár umdæmisins skal vera frá 1. júlí til 30. júní.

■ **75. gr.** *Reglur um málsmeðferð.*

- Sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum eða í reglum þeim um málsmeðferð sem samþykktar hafa verið fyrir fund, skulu allar spurningar varðandi reglur um fundarsköp og málsmeðferð sem samþykktar hafa verið fyrir fund, allar spurningar varðandi reglur um fundarsköp og málsmeðferð á umdæmisfundum eða þingum, öllum fundum umdæmisstjórnar, svæða, aðildarklúbba, hópa eða nefnda þeirra, ákvarðast af viðurkenndum reglum um fundarsköp.

## XV. Kafli. Meðferð lagabreytinga.

■ **76. gr.** *Málsmeðferð varðandi breytingar á lögum þessum.*

- Lögum þessum má einungis breyta á umdæmisþingi og verður breyting að vera samþykkt með tveimur þriðju hlutum (2/3) greiddra atkvæða.

■ **77. gr.** *Uppfærsla vegna breytinga á alþjóðalögum.*

- Þegar breytingar á alþjóðalögum og viðaukum við þau eru samþykktar á alþjóðaþingi, skulu allar breytingar, sem kynnu að hafa áhrif á umdæmislög þessi, uppfærðar við lok þingsins.

■ **78. gr.** *Tilkynning.*

- Ekki má greina frá neinni breytingu á lögunum eða greiða atkvæði um hana, nema breytingin hafi verið birt með bréfi í almennum pósti eða með rafrænum hætti hverjum klúbbi eigi minna en þrjátíu (30) dögum fyrir boðaðan þingsetningardag álegs umdæmisþings, ásamt tilkynningu um að viðkomandi breyting verði borin undir atkvæði þingsins.

■ **79. gr.** *Gildistökudagur lagabreytinga.*

- Sérhver breyting á lögum þessum skal taka gildi við lok þess þar sem breyting var samþykkt, nema kveðið sé á um annað í breytingunni sjálfri.

## **XV. Kafli. Gildistaka.**

■ **80. gr.** Lög þessi taka þegar gildi.

## **ALPJÓÐASAMTÖK LIONSKLÚBBA -LIONS CLUBS INTERNATIONAL-**

### **Markmið**

AÐ SKIPULEGGJA, stofna og hafa eftirlit með starfi þjónustuklúbba sem nefndir eru Lions klúbbar.

AÐ SAMHÆFA verkefni Lionsklúbba og samræma stjórnunarhætti þeirra.

AÐ VEKJA og efla anda skilnings meðal þjóða heims.

AÐ EFLA meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgaralegra dyggða.

AÐ SÝNA virkan áhuga á velferð samfélagsins í félagsmálum, menningu og almennu siðgæði.

AÐ TENGJA klúbbana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.

AÐ SKAPA vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni sem varða almannaheill en undanskilja þó umræður um stjórnsmál og trúarbrögð.

AÐ HVETJA þjónustuviljut fólk til að leggja lið í samfélagi sínu, án persónulegs, fjárhagslegs ávinnings, og að hvetja til dugnaðar og eflingar siðgæðis á sviðum viðskipta, iðnaðar, atvinnulífs, opinberrar þjónustu og einkareksturs.

### **Framtíðarsýn**

AÐ VERA leiðtogi innan samfélagsins og á sviði mannúðarmála um allan heim.

### **Hlutverk**

AÐ GERA sjálfboðaliðum kleift að þjóna byggðarlagi sínu, að svara þörfum á sviði mannúðar, stuðla að friði og efla skilning milli aðila á alþjóðavettvangi með tilstuðlan

## TILVÍSANASKRÁ

- 1) Peir embættismenn, sem taldir eru upp í ákvæðinu, er lágmarksfjöldi þeirra sem skipa skulu umdæmisstjórn. Ákveði umdæmið að fjölgum embættismönnum er það heimilt með því að gera breytingu á ákvæðinu.
- 2) Peir umdæmisstjórnarmenn, sem taldir eru upp í ákvæðinu, er lágmarksfjöldi stjórnarmanna. Ákveði umdæmið að fjölgum umdæmisstjórnarmönnum er það heimilt með því að gera breytingu á ákvæðinu.
- 3) Umdæmisstjóra má víkja úr embætti með 2/3 hluta atkvæða heildarfjölda alþjóðastjórnar í samræmi við V. grein, IX. kafla alþjóðalaga.
- 4) Tilteknar ástæður geta verið af hverskonar tagi sem eru samkvæmt ákvörðun umdæmisstjórnar í samræmi við viðurkenndar reglur um fundarsköp.
- 5) Sjá gátlista tilefningarnefndar umdæmisstjóra, sýnishorn D.
- 6) Sjá gátlista tilnefningarnefndar umdæmisstjóra, sýnishorn E og F.
- 7) Fyrirmynnd að kjörseðli vegna kjörs umdæmisstjóra, varaumdæmisstjóra og annars varaumdæmisstjóra er að finna í sýnishorni G.
- 8) Sjá sýnishorn B.
- 9) Umdæmi má breyta hæfisskilyrðum frá því sem kveðið er á um í ákvæðinu, bæði fjölgum þeim eða fækka.
- 10) Halda má umdæmisþing utan landfræðilegra marka umdæmisins, nema það sæti takmörkunum samkvæmt breytingu á ákvæðinu.
- 11) Halda má umdæmisþing utan landfræðilegra marka umdæmisins, nema það sæti takmörkunum samkvæmt breytingu á ákvæðinu.
- 12) Vegna alveg sérstakra ástæðna, sem umdæmisstjórn hefur ekki stjórn á, má umdæmið breyta þingstað þar sem ákveðið hefur verið að halda umdæmisþing.
- 13) Þess er ekki krafist að félagi hafi verið skráður eitt ár og einn dag í klúbb til þess að uppfylla skilyrði þess að vera kjörgengur fulltrúi.
- 14) Umdæmið getur breytt þessu ákvæði á þann veg að fyrrverandi umdæmisstjóri geti kosið óháð takmörkunum á fjölda fulltrúa. Sjá hér IX. grein III. kafla alþjóðalaga.

## **FYLGISKJÖL**

- A. Reglur um framkvæmd umdæmisþings (viðmiðunarreglur).
- B. Reglur um framkvæmd fundar til tilnefningar umdæmisstjóra sbr. 17. gr. umdæmisлага (UL).
- C. Reglur um framkvæmd fundar til tilnefninga fyrsta og annars varaumdæmisstjóra.
- D. Gátlisti tilnefningarnefndar. Tilnefning umdæmisstjóra sbr. 15. gr. UL.
- E. Gátlisti tilnefningarnefndar. Tilnefning fyrsta varaumdæmisstjóra sbr. 16. gr. UL.
- F. Gátlisti tilnefningarnefndar. Tilnefning annars varaumdæmisstjóra sbr. 16. gr. UL.
- G. Sýnishorn kjörseðils vegna kjörs umdæmisstjóra, varaumdæmisstjóra og annars varaumdæmisstjóra sbr. 17. gr. UL.